



135. fundur Breiðafjarðarnefndar, haldinn 27. ágúst 2013 í Stykkishólmi

Mætt: Halla Steinólfsdóttir formaður, Guðríður Þorvarðardóttir varaformaður, Eiríkur Snæbjörnsson, Magnús A. Sigurðsson, Trausti Baldursson, Arnheiður Jónsdóttir, Ásgeir Gunnar Jónsson varamaður og Hugrún Otkatla Hjartardóttir varamaður. Sigurður Þórólfsson og Erla Friðriksdóttir boðuðu forföll.

Fundarritari: Pálmi Freyr Sigurgeirsson

Formaður setti fund kl. 10:30.

Fundargerð 133. fundar

Afgreiðsla: Fundargerðin var upplesin og samþykkt.

Fundargerð 134. fundar

Afgreiðsla: Fundargerðin var upplesin og samþykkt.

Deiliskipulagstillaga fyrir Berserkseyri

Óskað er eftir umsagnar Breiðafjarðarnefndar um deiliskipulagstillögu Grundarfjarðarbæjar fyrir Berserkseyri.

Afgreiðsla:

Breiðafjarðarnefnd gerir ekki athugasemd við þann hluta deiliskipulagstillögunnar sem snýr að nefndinni.

Beiðni um sérstaka friðun Steinakletta í Hvammsfjarðarröst

Umhverfis- og auðlindaráðuneytið óskar eftir umsögn Breiðafjarðarnefndar vegna beiðni Kristjáns Kára Jakobssonar um sérstaka friðun Steinakletta í Hvammsfjarðarröst til verndunar lundavarps í Steinaklettum.

Afgreiðsla:

Breiðafjarðarnefnd fjallaði um erindið en mun svara því síðar eftir nánari skoðun og gagnaöflun. Skoða þarf m.a. setningu reglugerða í samræmi við lög um vernd Breiðafjarðar, verndaráætlun Breiðafjarðar, siglingalög, lög nr. 64/1994 og eigin reglur ferðaþjónustuaðila um vistvænar siglingar að viðkvæmum búsvæðum dýra.

Skýrsla Fornleifafraeðistofu vegna fyrirhugaðrar endurgerðar Skarðsbúðar í Bjarneyjum

Breiðafjarðarnefnd fagnar framtaki Bjarneyinga að gera fornleifaskýrslu vegna fyrirhugaðrar endurgerðar Skarðsbúðar í Bjarneyjum og telur hana vera til fyrirmyndar.

Afgreiðsla:

Nefndin gerir ekki athugasemdir við verkefnið. Ásgeir Gunnar tók ekki þátt í afgreiðslu erindisins vegna tengsla við verkefnið.

Bæklingur um nytjar á Breiðafirði

Breiðafjarðarnefnd fór yfir myndir sem nota á í bæklinginn.

Verndaráætlun Breiðafjarðar

Vinna við verndaráætlun haldið áfram. Nefndarmenn eiga að skila inn athugasemdum fyrir 16. september nk.

Önnur mál

Formaður sagði frá því að hún og varaformaður hafi farið þann 13. ágúst sl. á fund umhverfis- og auðlindaráðherra og afhentu honum starfsskýrslu síðasta árs.

Fundi var slitið kl. 14:00. Næsti fundur er áætlaður 25. september 2013.